



## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 3. mars 2022 kl. 16:00 – 18:00 á Teams

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri og staðgengill safnstjóra.

Vantar: Ingirafn Steinarsson aðalmaður

Gestir: Gingi, Gunnlaugur Björn Jónsson hjá Gingi teiknistofa og Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkibbygg.

### Fundargerð

#### 1) Húsnæðismál

##### a) Gingi og Ásta Birna kynna sig.

- i) Gingi hefur unnið með safninu árum saman og hefur umfangsmikla reynslu þá sérstaklega í eldri húsum. Eru að vinna að endurreisn bæjarmyndar á Bíldudal.
- ii) Farið yfir þær fyrstu hugmyndir sem uppi eru en þar er um að ræða
  - (1) Angró
  - (2) Hönnun á nýju húsi sem heiðrar skipasmíðastöðina eða Garðarshúsin
  - (3) Ævintýra og gönguför um svæði safnsins á ytra svæði
  - (4) Huga þarf að daglegum rekstri safnsins
  - (5) Farið að skýrast betur hvaða þörf er til staðar og hefur vinnuhópur skilað af sér grunntillögu. Vinna þarf betur hvernig tengingar verða á milli sýningarrýma og hvað þarf að tengjast í starfseminni.
  - (6) Um er að ræða svæði sem verður verndarsvæði í byggð og þarf skipulag að taka mið af því.
  - (7) Umræður
    - (a) Farið yfir hvernig svona verkefni eru unnin, umræður.

##### b) Gingi og Ásta Birna yfirgefa fund



- c) Stjórn samþykkir að Gingi teiknistofa í samvinnu við Arkibýgg vinni verkefnið um hönnun nýs safnasvæðis og húsnæðis fyrir Tæknimínjasafn Austurlands. Stjórn felur JB að gera drög að verk- og kostnaðaráætlun.
- 2) Næsti fundur verður 15. mars kl. 20 á teams.